

Borgarbyggð  
b/t Sigurður Friðgeir  
Borgarbraut 14  
300 Borgarnes

Reykjavík 22. febrúar 2019  
UST201902-083/A.B.  
10.04.02

**Efni:** Lýsing – Breyting á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010 - 2022 - Fossatún

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar er barst 8. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á aðalskipulagsbreytingu á Fossatúni í Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010 – 2022.

Í greinargerð kemur fram að breytingin er á þá leið að svæði verslunar- og þjónustusvæði (S3) „Fossatún, verslun, gisti- og veitingarekstur“, stækki um 3,5 ha og opið svæði (O20) „Fossatún, tjaldsvæði“ minnki sem því nemur. Auk þess kemur fram að hugmynd er að reka áfram gistiheimili en útvíkka þjónustuna með útleigu einfaldra gistiskála, sem verða staðsettir þar sem áður var tjaldsvæði.

**Tengsl tillögu við aðrar skipulagsáætlanir**

Umhverfisstofnun bendir á að í gildi er deiliskipulag fyrir svæðið sem var staðfest 10. júlí 2003 og með breytingu 2. júní 2014.

Að mati Umhverfisstofnunar er í ofangreindri lýsingu að öðru leyti, gerð fullnægjandi grein fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.



Axel Benediktsson  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir  
Sérfræðingur